

Nr. 70/1619

Pjetur M. Bjarnarson.
 gegn
Vemundi Fr. Ásmundssyni

um rifting ráðningar háseta.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 24. júlí 1919:
 Stefndur, Pjetur M. Bjarnarson, greiði stefnandanum Vemundi Fr Ásmundssyni kr. 85,29 ásamt 5% ársvöxtum frá 17. nóv. f. á. til greiðsludags og hefur stefnandi sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m/sk. „María“. Svo greiði stefndur stefnanda og 50 krónur í málskostnað. Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt samningi milli landsstjórnarinnar og áfrýjanda skyldi hjerumrætt skip, vjelskipið »María«, 29,60 smálestir með 30 hesta vjel, halda uppi fyrirfram ákveðnum vöru-póst-og mannflutningum um Húnaflóa frá 19. júní til 15. nóvbr. 1918, og skyldi áfrýjandi leggja annað skip til ferðanna, ef María yrði að hætta þeim einhverra orsaka vegna. Um miðjan október var María stödd á Ísafirði, og kom þá í ljós svo mikið ólag á vjelinni, að áfrýjandi ljet bátinn snúa heimleiðis og setti annað skip í hans stað til Húnaflóaferðanna. Á heimleiðinni, 2. nóvbr., brotnaði skráfuðulinn fram undan Patreksfirði, en skipið komst til Hafnarfjarðar undir seglum. Þar ljet áfrýjandi skrá skipshöfnina úr skiprúmi 8. nóvbr., og þar á meðal stefnda, sem ráðinn hafði verið matsveinn á skipið frá 18. júní til 17. nóvbr. gegn 275 kr. kaupi og fæðispeningum á mánuði. Greinir aðilja aðallega á um það, hvort stefndi, sem áfrýjandi flutti heim til hans samdægurs, skuli fá umsamda borgun til afskráningardags eða til lokadags ráðingartímans

Þegar nú litið er annarsvegar til ferða þeirra,

sem skipið var ráðið til, til vjelbilunarinnar og þess árstíma, sem hún varð á, og hinsvegar til þess, að töluverður tíma hefði, eftir því sem fram er komið í málinu, hlotið að ganga til viðgjörðar, en skamt eftir af ráðningartímanum, þá verður að álíta, að áfrýjandi hafi, samkvæmt 1. mgr, 96. gr. siglinga-laganna nr. 56. 30, nóv. 1914, haft rjett til að rifta ráðning stefnda, og ber stefnda því ekki kaup og fæðispeningar lengur en til 8 nóvbr., en hvottveggja hafði verið greitt stefnda að fullu.

Verður því eftir kröfu áfrýjanda að fella sjódóm-inn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir sjódómi falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 80 kr.

Það athugast, að fulltrúi bæjarfógetans í Reykja-vík hefur skipað sæti bæjarfógeta við vitnaleiðslu 28. febr. þ. á. án þess heimildar fulltrúans til þess sje getið í sjódómsgjörðunnm.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Pjetur M. Bjarnarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda Vemundar Fr. Ásmunds-sonar. Stefndi greiði áfrýjanda 80 kr. í málskostn- að fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefni 19. desember f. á. af Vemundi Fr. Ásmundssyni gegn Pjetri M. Bjarnarson, kaupmanni hjer í bænug og hefur stefnandi gjört þær rjettarkröfur:

1. Að stefndur, sem eigandi og útgerðarmaður m. k. „Mariu“ verði dæmdur til að greiða sjer kr. 112,44 með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. f. á., svo og kostnað allan við mál þetta eftir reikn- ingi eða mati sjódómsins. Undir rekstri málsins hefir stefnandi þó fært kröfuna úr 112,44 niður í 92,44.

2. Að viðurkent verði með dómi að hann eigi sjóveðrjett í m. k. „Mariu“ fyrir framangreindri kröfu og vöxtum og kostnaði.
3. Að viðurkendur verði með dómi sjódómsins rjettur sinn til að gjöra fjárnám í sjóveðinu, m. k. „Mariu“ og láta selja það við opinbert uppboð fyrir framangreindri kröfu, vöxtum og kostnaði ásamt kostnaði við fjárnámið og eftirfarandi uppboð.

Stefndur hefir krafist þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Auk þess hefur stefndur krafist að stefnandi verði dæmdur til að endurgreiða sjer ofborgað kaup kr. 46,46 og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Þar sem sjálfstæðs dóms er krafist fyrir endurgjaldskröfu stefnds á hendur stefnanda, er hvorki hefir verið lögð til sátta nje stefnt fyrir, verður ex officio að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1918 rjeðist stefnandi sem matsveinn á m. k. „Mariu“ sem halda átti uppi flútningaferðum til Húnaflóa fyrir landsstjórnina, og var hann ráðinn frá 18. júní til 17. n. n. nóvember f. á. gegn 200 króna mánaðarkaupi og 74. kr. fyrir fæði og kol á mánuði. Um miðjan október f. á. kom leki að skipinu og var gert við hann á Ísafirði. Kom þá í ljós, að ólag var svo mikið á vjelinni í skipinu að hættulegt var talið að nota hana án viðgerðar.

Var þá ákveðið að skipið skyldi hætta við Húnaflóaferðinar og fara beint suður og tók það farþega og farm á Ísafirði, en ekki er upplýst að þar færi fram skoðun á skipinu af hálfu útnefndra manna. Hinu 2. nóvember brotnaði skifiteinninn í vjelinni út af Patreksfirði og var því þá siglt inn á Patreksfjörð. Var þar reynt að gjöra við vjelina en tókst ekki. Leit þá skipstjóri svo á, eftir því sem hann hefur borið vitni í málinu, að skipið væri ekki í sjófæru standi og fór af skipinu. Á Patreksfirði fór fram skoðun útnefndra manna á skipinu eða minsta kosti á seglútbúnaði þess. Skoðunargjörð þessi hefir ekki verið lögð fram í málinu og málspartarnir eru ósammála um hana, en svo mikið er víst, að stýrimaðurinn tók þar við stjórn skipsins og sigldi því til Hafnarfjarðar, en þaðan var eftir dagbókarútdrætti þeim, sem lagður hefur verið fram í málinu, talið hættulegt að sigla skipinu til Reykjavíkur, því skipið ljet illa að stjórn vegna skráfunnar, en vjelinn varð ekki notuð. Var þá, að því er virðist af hálfu stýrimannsins, farið fram á að skipið yrði dregið til Reykjavíkur, en stefnandi ljet þá lögskrá skipshöfnina úr skiprúmi og flytja hana til Reykjavíkur í bifreið.

Þegar kaupið var gert upp við stefnanda, krafðist hann kaups til 17. nóvember enda hafði hann áskilið það við afskráninguna en stefndur vildi aðeins telja honum kaup til 8. s. m., er lögskráningin út skiprúmi fór fram, og er mál þetta risið út af því.

Stefndur telur sig hafa átt rjett á að rifta ráðningasamningum samkvæmt 96. gr. sjólaganna frá 30. nóvember 1914 þar sem skipið hafi verið ófært til að halda flutningaferðunum áfram, og jafnvel ósjófært

Þessu hefir stefnandi mótmælt eindregið og haldið því fram, að þar sem hann hafi verið ráðinn til flutninga alment, sje það sjer óviðkomandi, þótt skipið ef til vill ekki hafi getað haldið áfram hinum umsömdu ferðum til Húnaflóa vegna bilunarinnar á vjelinni og að það hafi einnig eftir vjelbilunina getað farið í flutningaferðir á seglum, því skipið sje byggt sem seglskip og hjálparvjel hafi síðar verið sett í það.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að gegn neitun stefnanda hafi stefndur ekki fært sönnur á, að m. k. „María“ hafi ekki verið ferðafært er lögskráningin úr skiprúmi fór fram í Hafnarfirði 8. nóv. f. á., að honum þannig hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningnum og verður því að telja það rjettmætt, að stefnandi krefst kaups til 17. nóvbr. f. á. Frá hinu vangoldna kaupi verður eftir kröfu stefnds að draga iðgjöld í slysatrygginarsjóð, er hann hefur greitt fyrir stefnanda, og er fyrir ráðningartímann eigi of hátt talið af stefndum kr. 7,15 eftir 3. gr. laga nr. 84 frá 14. nóvbr. 1917. Hinsvegar befur stefndur ekki gegn neitun stefnanda sannað, að stefnandi eigi að greiða honum kr. 3,75 fyrir sim-skeyti eða kr. 2,16 fyrir eldsneyti, er stefndur gerir kröfu til.

Úrslit þessa máls hjer fyrir rjettinum verða því þau, að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 92, 44 ÷ kr. 7,15 = kr. 85, 29 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 17. nóvember til greiðsludags og stefnanda sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m. k. „María“. Auk þessa á stefndur að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 50 krónur.